



## Aðalfundur FFM 24. Apríl 2013 - Fundargerð

**Staður og stund:** Myllubakkaskóli, matsalur, kl. 18:00.

### **Eftirfarandi stjórnarmenn mættu:**

Gunnar Ellert Geirsson formaður, Berglind Ósk Sigurðardóttir, Guðrún Benediktsdóttir, Guðrún Heiða Guðmundsdóttir, Jóhanna Árnadóttir, gjaldkeri og Þórey Óladóttir.

### **Boðuð dagskrá fundarins var þessi:**

#### **1. Yfirferð formanns**

Skráning bekkjarfulltrúa – og fundur með þeim.

Jólafundur í Desember.

Blómin fyrir útskriftarhópinn.

Framlag til vorferðar – 50.000 kr.

#### **2. Yfirferð Gjaldkera**

Ráðstöfun fjármuna á árinu.

Stutt greinargerð yfir helstu hreyfingar og sjóðsstöðu.

Ráðstöfun sjóðs til Skólans.

#### **3. Lög FFM og stjórnarskipan 2012-2013**

Tillögur að breytingum laga FFM?

Framboð til stjórnar?

#### **4. Önnur mál**

Árgjald 2013-2014

Orðið laust

### **Dagskrá fundar var afgreidd þannig:**

#### **1. Yfirferð formanns**

Skráning bekkjarfulltrúa – og fundur með þeim: Skráning bekkjarfulltrúa hefur gengið vel og hafa flestir bekkir notið skipulagðra daga og samverustunda. Fundur FFM með bekkjarfulltrúum var vel sóttur og umræður góðar.

Jólafundur í Desember – tókst mjög vel og góð þátttaka!

Blómin fyrir útskriftarhópinn – greitt af FFM.

Framlag til vorferðar. Ákveðið var að halda framlagi til vorferðar óbreyttu, Kr. 50.000. Aukaframlag til ferðar á Skóláhreystis úrslít í Laugardalshöll var 20.000 Kr.

#### **2. Yfirferð Gjaldkera**

Gjaldkeri gerði grein fyrir ráðstöfun fjármuna á árinu, helstu hreyfingum, sjóðsstöðu og bar upp tillögu að ráðstöfun fjármuna til skólans í ákveðin verkefni. Sem fyrr ber ársreikningur og framsetning hans



samviskusemi Jóhönnu gjaldkera FFM glöggvitni og verður hann aðgengilegur á vef skólans ásamt þessari fundargerð.

Gerð var athugasemd við mikinn innheimtukostnað bankanna vegna árgjalds og leiðir til lækkunar ræddar, en Gunnar ræddi við bankana um þetta og engin leið að lækka þetta frekar. Ákveðið að halda innheimtufyrirkomulagi óbreyttu.

Ráðstöfun fjármuna FFM verður ákveðin í samráði við stjórnendur skólans.

### 3. Lög FFM og stjórnarskipan 2012-2013

Engar breytingar á lögum FFM.

Eftirfarandi aðilar gáfu kost á sér til stjórnarsetu skólaárið 2013-2014:

- Jóhanna gjaldkeri
- Þórey Óladóttir
- Berglind S
- Guðrún Ben.
- Bjarnfríður Bjarnadóttir

Gunnar Ellert, Helgi Þór Einarsson, Guðrún Heiða og Þórður Þorbjörnsson munu hverfa úr stjórn.

### 4. Önnur mál

Árgjald 2013-2014: Ákveðið var að hafa árgjald óbreytt – 1.500 kr. á hvert heimili.

Kynna þarf starf FFM betur á heimasíðu skólans.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið kl. 18:55

Fundargerð ritaði Gunnar Ellert.